

Ed.

170. Nefndarálit

um frv. til laga um opinbera greinargerð starfsmanna ríkisins.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin er sammála um að mæla með, að frv. nái fram að ganga. Hinsvegar fellir hún sig ekki allskostar við orðalag 2. mgr. 1. gr. frv. og flytur því svofellda

BREYTINGARTILLÖGU:

Í stað 2. mgr. 1. gr. (»Nú óskar — flytja erindið.«) komi:

Ef aðili óskar að vera laus við flutning erindis, eða hann getur það ekki útvarpinu eða ríkissjóði að kostnaðarlausu, vegna fjarvistar, skal hann í tæka tíð senda útvarpsráðinu erindi sitt fullsamið, en það felur aftur einhverjum starfsmanni útvarpsins að flytja erindið.

Alþingi, 12. marz 1932.

Einar Árnason,  
form.

Jón Jónsson,  
fundaskrifari.

Pétur Magnússon,  
frsm.